

Þriðjudaginn 22. október 1968.

Nr. 3/1968.

**Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
vegna Vélstjórafélags Íslands og
Mótorvélstjórafélags Íslands**

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

**Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h.
Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Eyjafjarðar, Útvegsmannafélags Austfjarða, Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs og Útvegsmannafélags Vestmannaeyja.**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds,
Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Kjarasamningur. Ágreiningur um greiðslu verðlagsuppbótar.

Dómur.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 2. júlí þ. á., af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands vegna Vélstjórafélags Íslands og Mótorvélstjórafélags Íslands gegn Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Eyjafjarðar, Útvegsmannafélags Austfjarða, Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs og Útvegsmannafélags Vestmannaeyja.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að vélstjórar, sem starfa samkvæmt ákvæðum kjarasamninga málsaðilja, dags. 29. des. 1963, með breytingum á þeim samningum, dags. 26. febrúar 1965, eigi að fá fulla verðlagsuppbót samkvæmt 2. gr. samkomulags Alþýðusambands Íslands

vegna aðildarféлага sinna og vinnuveitenda, dags. 18. marz 1968, um greiðslu verðlagsuppbóta til verkamanna og fleiri stétta, enda þótt kaup vélstjóra eða kauptrygging fari upp fyrir þar greint hámark (kr. 10.000.00) grunnlauna fyrir dagvinnu.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær:

1. Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og þá jafnframt dæmt, að greiðsla verðlagsuppbóta á kauptryggingu og einstaka kaupliði vélstjóra, skuli lúta sömu sjónarmiðum og greinir í 2. gr. í samkomulagi Alþýðusambands Íslands vegna launþegasamtakanna og Vinnuveitendasambands Íslands o. fl. frá 18. marz 1968.
2. Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Tildrög máls þessa og málsatvik eru þessi:

Í 1. mgr. 4. gr. samnings frá 29. desember 1963 um kjör og kaup vélstjóra á sildveiðum með herpinót eða hringnót eru ákvæði um það, að útgerðarmaður tryggi vélstjórum mánaðarlegar greiðslur upp í hundraðshluta afla þeirra með mánaðarkaupi, kr. 12.870.00 til 1. vélstjóra og kr. 10.725.00 til 2. vélstjóra. Þá segir og svo í 2. mgr. sömu greinar:

„Hækki kaup verkafólks almennt á samningatímabilinu, hækkar kauptrygging og kaup vélstjóra í samræmi við þá hækkun“.

Í 5. gr. vertíðarsamnings vélstjóra frá sama degi og nefndur sildveiðisamningur eru samhljóða ákvæði um kaup og kauptryggingu og greinir í nefndri 1. og 2. mgr. 4. gr. sildveiðisamningsins.

Loks segir svo í 1. gr. flutningasamnings vélstjóra frá sama degi, að mánaðarkaup I. vélstjóra skuli vera kr. 13.700.00 og II. vélstjóra kr. 11.850.00, og í 17. gr. þess samnings segir:

„Hækki kaup verkafólks almennt á gildistíma samnings þessa, skal kaup vélstjóra hækka í samræmi við það“.

Með viðbótarkjarasamningi, dags. 26. febrúar 1965, er samið um nokkrar breytingar á kjarasamningunum frá

1963. Þá er kaup og kauptrygging hækkað um 5% og ákveðið að kauptrygging III. vélstjóra skuli vera kr. 11.261.00 á mánuði. Loks semja aðiljar um það, að áður nefnt ákvæði 2. mgr. 4. gr. síldveiðisamningsins, samhljóða ákvæði í 5. gr. vertíðarsamningsins og 17. gr. flutningasamningsins, skuli hljóða svo:

„Hækki kaup verkafólks á viðkomandi stað á gildistíma samningsins, skal kauptrygging og kaupliðir hækka í sama hlutfalli . . .“.

Kjarasamningarnir frá 1963 með breytingunum frá 26. febrúar 1965 eru enn í gildi.

Hinn 18. marz s.l. gerðu samtök vinnuveitenda samkomulag við Alþýðusamband Íslands vegna aðildarféлага þess. Í 1. gr. þess samkomulags er um það samið, að sú verðlagsuppbót (19.16%), sem greidd er samkvæmt lögum nr. 70/1967, skuli lögð við grunnupphæðir launataxta og samsvarandi ákvæðisvinnutaxta, sem verðlagsuppbót hefur verið greidd á, og teljist hvoru tveggja grunnlaun, er verðlagsuppbót skuli greidd á samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

Þá segir svo í 2. gr. samkomulagsins:

„Verðlagsuppbót samkvæmt þessum samningi greiðist á grunnlaun fyrir dagvinnu, sem eigi eru hærri en kr. 10.000.00 á mánuði. Á viku- og tímakaup greiðist tilsvarendi verðlagsuppbót. Á þann hluta dagvinnulauna, sem er umfram þessi mörk, skal eigi greidd verðlagsuppbót.

Á grunnlaun, sem nema 16.000.00—kr. 17.000.00 á mánuði og tilsvarendi viku- og tímakaup, skal greiða verðlagsuppbætur, sem nema helmingi þeirra bóta, sem greiddar verða á kr. 10.000.00 mánaðarlaun, en á grunnlaun, sem nema hærri upphæð en kr. 17.000.00, greiðast ekki verðlagsuppbætur.

Séu grunnlaun lægri en kr. 16.000.00 að viðbættri verðlagsuppbót kr. 17.000.00 eða meira, skulu grunnlaun, sem hærri eru en 17.000.00, en lægri en samanlögð upphæðin, hækka að sama skapi.

Sama regla gildir um grunnlaun, sem hærri eru en 17.000.00, ef lægri grunnlaun að viðbættri verðlagsuppbót ná hærri upphæð.

Verðlagsuppbót á eftirvinnu skal greidd með sömu krónutölu og greidd er á dagvinnutaxta. Á nætur- og helgidagavinnu skal einnig greidd verðlagsuppbót með sömu krónutölu og er á dagvinnutaxta, en þó eigi fyrr en frá og með 1. júní 1968.

Þegar unnið er eftir uppmælingu, skal greidd verðlagsuppbót á unnar (skráðar) stundir miðað við dagvinnukaup það, er um ræðir í 1. málsgrein þessarar greinar. Sama gildir, þegar unnið er eftir bónuskerfi.

Um vaktavinnu gilda eftirfarandi reglur:

Vaktaálag greiðist ekki á verðlagsuppbót og verðlagsuppbót greiðist ekki á vaktaálag.

Þegar unnið er í vaktavinnu, skal verðlagsuppbótin vera sama krónutala eins og á tilsvarendi kaup, svo sem fyrir er mælt í þessari grein.

Sé vaktaálag innifalið í fastakaupinu, greiðist verðlagsuppbót samkvæmt þessari grein.

Grunnupphæðir viku- og mánaðarlauna samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar eru miðaðar við það, að unnið sé fullt starf samkvæmt umsömdum vinnutíma í starfsgreininni, en þegar svo er ekki, lækkar hlutfallslega hámark þeirra viku- og mánaðarlauna, sem verðlagsuppbót er greidd á, sbr. 1. málsg. þessarar gr.

Ákvæði þessa samnings taka ekki til launa, sem greidd eru í öðru en peningum, og eigi heldur til fjárhæða, sem launþegar fá greiddar vegna útgjalda, sem fylgja starfi þeirra. Sama gildir um laun, sem ákveðin eru sem hundradshluti af afurðaverði, veltu eða öðru verðmæti“.

Stefnandi skýrir svo frá, að hin stefndu félagasamtök í máli þessu hafi að visu talið sér skylt að greiða vélstjórum verðlagsuppbót samkvæmt framangreindu samkomulagi, en þó með þeim skilningi, að vélstjórar, sem taki hærra kaup eða kauptryggingu en kr. 17.000.00 á mánuði, eigi ekki rétt til neinnar hækkunar.

Á þenna skilning hefur stefnandi eigi viljað fallast. Og þar sem aðiljar máls þessa eru á öndverðum meiddi að því er þetta atriði varðar, hefur stefnandi höfðað mál þetta og gert þær dómkröfur, er að framan greinir. Byggir hann

kröfur sínar á þeim grundvelli, að allir kauptaxtar, þar á meðal kaup samkvæmt áðurnefndum kjarasamningum vélstjóra og þá einnig kauptrygging, eigi að hækka hlutfallslega miðað við almenna hækkun á kaupum verkamanna, hver svo sem hámarkslaun vélstjóranna séu, sbr. hækkunarákvæði tilvitnaðra samninga, þannig að kaupstigi sá, sem um er samið í kjarasamningum vélstjóra, haldist óbreyttur. Verði að skýra ákvæði vélstjórasmninganna svo, að aðeins sé heimilt að haggja við þeim til hlutfallslegra bættra kjara til allra vélstjóra, er samningar nái til. Viðmiðun þeirra sé við kaup og kjör verkafólks og hafi einstakir félagsmenn í vélstjórafélagunum mátt ganga út frá því, að við þá stétt eina yrði miðað, en samkvæmt samkomulaginu frá 18. marz muni hún yfirleitt fá fulla verðlagsuppbót, þar sem grunnlaun í þeim flokki fólks fari ekki að jafnaði yfir það hámark, kr. 10.000.00, sem nefnt samkomulag geri ráð fyrir. Hvorki hafi verið um það samið af hálfu vélstjóranna, að raska mætti launastiga þeirra, né heldur hafi samningsaðiljar mátt gera ráð fyrir því, þegar kjarasamningarnir frá 1963 og 1965 voru gerðir. Geti það eigi heldur skipt máli hér, þótt aðrar launastéttir hafi samið um röskun á launastiga þeim, er áður gilti, samkvæmt samningum þeirra. Þá heldur stefnandi því og fram, að ákvæði 2. gr. samkomulagsins frá 18. marz verði eigi heimfærð á kauptryggingu vélstjóra, sem eigi verði jafnað til dagvinnu, því í henni sé talin m. a. greiðsla fyrir eftir- og næturvinnu og almenna fridaga.

Stefndi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að með kjarasamningunum frá 1963 og síðar með áðurgreindum samningi frá 26. febrúar 1965 hafi verið um það samið, að vélstjórar nyту kauphækkunar í sama hlutfalli og verkafólk fengi. Í samræmi við það hafi stefndi reiknað kaup og kauptryggingu vélstjóra til hækkunar í þeim hlutföllum og með þeim takmörkunum, er um sé samið í samkomulagi vinnuveitenda og Alþýðusambandsins 18. marz 1968. Hafi hann með því fullnægt þeim samningsskyldum sínum, sem gildandi kjarasamningar leggi á hann. Staðhæfir stefndi, að leggja beri ákvæði samkomulagsins frá 18. marz til grundvallar með þeim takmörkunum, sem það felur í sér um

kaup yfir tilteknu hámarki, og skipti eigi máli í því sambandi, þótt það valdi einhverri röskun á innbyrðis kaupstiga vélstjóranna. Meginregla samkomulagsins frá 18. marz sé sú, að laun þeirra lægst launuðu skuli hækka, en aðrir í sömu stétt, herra launaðir, skuli ekki fá neina hækkun og verði þetta einnig að ná til vélstjóranna, þar sem þeir hafi samið sig undir hækkun í hlutfalli við verkafólkið. Þá heldur stefndi því og fram, að sömu reglur verði að gilda um kauptrygginguna. Laun vélstjóra séu fyrst og fremst tiltekinn hundradshluti af óskýrum afla. Þeir hafi hins vegar fengið því framgengt, að útgerðarmenn tryggi þeim ákveðna mánaðargreiðslu upp í hundradshluta afla þeirra. Hafi þessi lágmarksgreiðsla, þ. e. kauptryggingin til háseta, upphaflega verið miðuð við þá fjárhæð, er verkamenn fengju fyrir 8 stunda dagvinnu og svo hlutfallslega herra fyrir þá skipverja, er fengu hærri hundaðshluta af afla. Sé því kauptryggingarviðmiðun stefnanda við dagvinnu og eftirvinnu eða hlunnindi út í hött og loku fyrir það skotið, að hægt sé að leysa kauptrygginguna upp í slíkar eindir.

Samkvæmt framangreindu ákvæði í viðbótarsamningnum frá 26. febrúar 1965 skal kaup vélstjóra hækka í sama hlutfalli og kaup verkafólks á viðkomandi stað. Hafa aðiljar máls þessa með nefndu ákvæði samið um það, að kaupgjald vélstjóra sé að þessu leyti háð þeim breytingum til hækkunar, sem þriðji aðili, stéttarfélag verkafólks semja um við vinnuveitendur. Við þetta eru einstakir félagsmenn í þeim stéttarfélagum vélstjóra, sem áttu aðild að viðbótarsamningnum frá 1965 bundnir, og verða þeir þá jafnframt að hlíta þeim skilyrðum fyrir kauphækkun eða þeim takmörkunum á hækkun kaups, sem stéttarfélag verkafólks kunna að semja um við vinnuveitendur í sambandi við kauphækkunina.

Með samkomulagi vinnuveitenda og Alþýðusambands Íslands frá 18. marz s.l., sem stefnandi máls þessa byggir rétt til kauphækkunar á, hafa stéttarfélag verkafólks samið um það, að kauphækkun eða verðlagsuppbót miðist við tilteknar fjárhæðir mánaðarkaups og er hækkunin mismunandi eftir því, hver fjárhæð mánaðarkaupsins er og engin, ef mánaðar-

launin fara upp fyrir tiltekið hámark. Leiðir þessi meginregla nefnds samkomulags til þess, að kauphækkun verkafólks verður mismunandi eftir því, hver mánaðarkaupsgrunnlaunin eru. Samkvæmt hækkunarákvæði viðbótarkjarasamnings aðilja máls þessa frá 26. febrúar 1965 skal kaup vélstjóra hækka í sama hlutfalli og kaup verkafólks. Verður að skýra þetta samningsákvæði á þá lund, að vélstjórar eigi því aðeins rétt til kauphækkunar, að þau mánaðarlaun þeirra, er miða skal við, falli innan þeirra marka, sem kauphækkun samkvæmt samkomulaginu frá 18. marz s.l. nær til. Á þetta einnig við um fjárhæð mánaðarlegrar kauptryggingar vélstjóra, enda hefur eigi verið sýnt fram á það, af hálfu stefnanda, að um hana eigi að gilda aðrar reglur en mánaðarkaupið sjálft. Getur það eigi ráðið úrslitum við úrlausn þessa máls, þótt raskast kunni sá kaupstigi, sem gert er ráð fyrir í kjarasamningum vélstjóra frá 1963 og 1965, en þá áhættu tóku þeir á sig með því, eins og áður er rakið, að semja sig undir kauphækkunarákvæði í kjarasamningum þriðja aðilja. Vélstjórar verða og eigi, þrátt fyrir það, í sérflokki, hvað þetta kjaraatriði snertir, því að ýmsar aðrar starfsgreinastéttir, er almennt njóta hærri launa en verkafólk, hafa með oftnefndu samkomulagi frá 18. marz s.l. samið um sömu röskun á þeim kaupstiga, er áður var lagður til grundvallar í kjarasamningum þeirra.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða máls þessa sú, að kröfur stefnda, um að greiðsla verðlagsuppbótar á einstaka kaupliði og kauptryggingu samkvæmt framangreindum kjarasamningum vélstjóra skuli fara eftir reglum 2. gr. samkomulagsins frá 18. marz s.l., verða teknar til greina, og ber því að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir eftir atvikum, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Dómsorð:

Stefndi, Landssamband íslenzkra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Eyjafjarð-

ar, Útvegsmannafélags Austfjarða, Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs og Útvegsmannafélags Vestmannaeyja, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Vélstjórafélags Íslands og Mótórvélstjórafélags Íslands, í máli þessu.

Hvor aðilja greiði sinn kostnað af málinu.

Föstudaginn 7. febrúar 1969.

Nr. 1/1969. **Landssamband íslenzkra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Þorlákshafnar**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Vélstjórafélags Íslands
(Gunnar Jónsson hrl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds,
Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Verkfall dæmt ólöglegt. Sektir dæmdar og bótaskylda viðurkennd.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 28. f. m., af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Þorlákshafnar gegn Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Vélstjórafélags Íslands út af ágreiningi um lögmati verkfalls, sem hófst af hálfu Vélstjórafélags Íslands á bátum félagsmanna í Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar hinn 16. janúar s.l.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að nefnt verkfall sé ólöglegt.
2. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar.